



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021020121

28. apríl 2021

Frakkastígur, vöruafhendingarstæði

Lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að:

- stæði á Frakkastíg, vestan götunnar, við Njálsgötu 23 og Frakkastíg 16, verði merkt sem stæði fyrir vöruafhendingu.
- stæði austan Frakkastígs, á sama svæði, verði felld niður til að tryggja aðgengi sorphirðu- og neyðarbíla.



Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Mynd 1 – Lagt er til að grænmerktu stæðin verði breikkuð og þau sérmerkt vöruafhendingu. Þá er lagt til að rauðmerktu stæðin verði fjarlægð til að tryggja akstur framhjá vörulósunarstæði.

Greinargerð

Í grennd við gatnamót Njálsgötu og Frakkastígs, þar sem lagt er til að útbúið verði vöruafhendingarstæði, eru 4-5 fyrirtæki sem fá afhendar vörur daglega og eru þau flest staðsett vestan Frakkastígs. Engin aðstaða til vöruafhendingar er til staðar í dag og aðstæður með þeim hætti að vöruafhending hefur haft töluverð áhrif á íbúa. Því hafa íbúar sem og vöruafhendingaraðilar óskað eftir betrubótum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 2 - Áætlun um merkingu vöruafhendingarstæðis